

## Viðskiptahættir Sveips hf. og Klasa hf.

### I. Málavextir 1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 20. júní 1994, frá heildversluninni T.H. Arason, þar sem kvartað var undan viðskiptaháttum Klasa hf. Málavöxtum er lýst svohljóðandi í erindinu: "Málavextir eru þeir að í febrúar á þessu ári gerði T.H. Arason heildv. og Kemikalía með sér dreifingarsamning sem felur m.a. í sér að T.H. Arason selur Kemikalía Hudosil-húðvörur sem sér svo um að dreifa og kynna vörurnar í apótekum. Áður hafði T.H. Arason selt og dreift umræddum vörum til apótekanna og fór sala og eftirspurn vaxandi.

Fljótlega eftir áðurnefndan samning dróst salan saman og þess voru dæmi að apótek endursendu Kemikalía vörur sem þau höfðu áður keypt án skýringa.

Síðar kom í ljós meðfylgjandi dreifibréf, sem var sent apótekum skömmu eftir fyrrnefndan dreifingasamning. Eins og efni þess kveður á um er því komið á framfæri til að hindra sölu á Hudosil-húðvörum."

Jafnframt segir í erindinu: "Í umræddu dreifibréfi kemur margt fram sem er aðfinnsluvert að okkar mati en hér er vitnað beint í það helsta:

1. "Hluthafar eru beðnir um að halda vel vöku sinni og vera **ekki að taka til dreifingar vörur, sem eru í beinni samkeppni** við vörur sem Klasi kaupir inn fyrir okkur hluthafana."

2. "Samkvæmt því **beinir stjórn Klasa þeim fyrirmælum til hluthafa sinna, að þeir taki ekki til sölu umræddar vörur** (Hudosil-vöruinnsk. höfundar) frá Kemikalíu að sinni, enda eru þær í beinni samkeppni við Aco vörurnar, sem Klasi annast dreifingu á."

3. "Ef við ætlum að ná því marki að sérhæfa og samræma sem mest vöruúrvalið í apótekum hluthafa, verðum við að koma þeim ótvíræðu skilaboðum til markaðarins að við ætlum að stýra vöruvalinu sjálfir og það gerum við best í gegnum Klasa hf."

4. "...reyna að koma tilteknum vörum inn í apótekin með því að gefa í skyn að þær verði aðeins til sölu í apótekum...."

## 2.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir umsögn og athugasemdum Klasa við erindi T.H. Arasonar með bréfi dags. 20. júní og bárust athugasemdir Klasa í bréfi dags. 27. júní 1994. Þar segir að slæðst hafi inn orðavilla í dreifibréfi sem Klasi sendi hluthöfum þann 22. mars 1994 sem hafi verið leiðrétt með öðru dreifibréfi dags. 24. mars s.l. Í fyrra bréfinu sé notað orðalagið "fyrirmælum" í næst síðustu málsgrein og í því síðara orðalagið "tilmælum." Málsgreinin sem vísað er til er í heild sinni svohljóðandi: "Samkvæmt því beinir stjórn Klasa þeim fyrirmælum (tilmælum, skv. síðara bréfinu, innsk. Samkeppnisstofnunar) til hluthafa sinna, að þeir taki ekki til sölu umræddar vörur frá Kemikalíu að sinni, enda eru þær í beinni samkeppni við Aco vöurnar, sem Klasi annast dreifingu á."

Jafnframt segir í bréfinu að Klasi geti "að sjálfsögðu ekki haft neitt með dreifingu annarra aðila á vörum að gera og apótekurum er edlilega í sjálfsvald sett hvaða vörur þeir kjósa að selja. Varla á það erindi til Samkeppnisstofnunar, hvort hlutafélag hvetur eigendur sína að versla sem mest í eigin félagi."

## 3.

Samkeppnisstofnun aflaði sér ljósrits af samstarfssamningi milli lyfsöluleyfshafa (apótekara) og Sveips hf., sem er eignarhaldsfélag í eigu apótekara, og ákvað að taka upp að eigin frumkvæði athugun á þessum samningi. Samningurinn er undirritaður af stjórnarmönnum Sveips en undirskrift viðkomandi apótekara vantar. Fram hefur komið að þetta sé staðlaður samningur milli Sveips og einstakra apótekara. Skulu helstu ákvæði samningsins rakin. Samkvæmt 1. gr. mun seljandi (Sveipur eða dótturfélag Sveips) hafa á boðstólum vöruflokka sem hann leitast við að bjóða á sem hagstæðustu verði á grundvelli sameiginlegra innkaupa, til endursölu í apótekum hluthafa. Kaupandi (apótekarinn) skuldbindur sig til að kaupa þær vörur eingöngu af seljanda eða fyrirtæki sem hann bendir á, sbr. 2. gr. samningsins. Í þriðju grein skuldbindur apótekarinn sig til að hafa ekki lengur á boðstólum þær vörur sem ekki nást viðunandi samningur um greiðslukjör að mati stjórnar. Samkvæmt 4. gr. skuldbindur apótekarinn sig til að hafa á boðstólum og halda sérstaklega fram þeim

vörum sem seljandi semur um einkasölu á f.h. apótekara og að hafa þær á eins áberandi stað í apótekinu og unnt er. Ennfremur skuldbindur apótekarinn sig til að taka þátt í sameiginlegu söluátaki sem seljandi gengst fyrir og til að hlíta þeim viðskiptakjörum sem seljandi gerir við þriðja aðila, sbr. 6. og 7. gr.

#### 4.

Þann 19. desember sl. áttu starfsmenn Samkeppnisstofnunar fund með framkvæmdastjóra Klasa og stjórnarformanni Klasa, en sá síðarnefndi er jafnframt stjórnarmaður í Sveipi. Talsmenn Klasa andmæltu því að beitt væri þvingunum til að fá heildsölufyrirtæki í viðskipti við Klasa. Þeir neituðu einnig að Klasi beitti áhrifum til þess að fyrirtæki kæmu ekki vörum sínum til endursölu í apótek. Stjórnarformaður Klasa sagði samstarfssamning þann sem vitnað er til hér að framan vera til staðar á milli Sveips og hvers apótekara um sig en að honum væri ekki framfylgt. Framkvæmdastjórinn tók undir þetta og tók sérstaklega fram að dreifibréf það sem sent hafi verið út sl. vor hafa verið einstakt og sambærilegt dreifibréf eða tilmæli hafi ekki verið send apótekum, hvorki fyrir né síðar.

Í framhaldi af þessum fundi ritaði Samkeppnisstofnun Klasa bréf, dags. 4. janúar 1995, þar sem vísað var til þess að samkeppnisyfirvöld hefðu til skoðunar viðskiptahætti Sveips og Klasa, sérstaklega með tilliti til samstarfssamninga fyrirtækjanna við lyfsöluleyfishafa og heildverslanir. Óskað var eftir viðbótarathugasemdum ef einhverjar væru.

Með bréfi dags. 10. febrúar 1995 kom Tryggvi Gunnarsson, hrl., á framfæri athugasemdum f.h. Klasa. Tekið er fram í bréfi lögmannsins að þær athugasemdir séu til viðbótar fyrri athugasemdum sem komið hafi fram m.a. á fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar 19. desember 1994.

Í bréfi Klasa er rakinn ítarlega aðdragandi og tilgangur með stofnun Sveips og Klasa. Jafnframt er lýst þeim atriðum sem Klasi telur að starfsemi félagsins hafi leitt til. Í niðurlagi þess kafla segir orðréttt:

*"Það skal enn ítrekað að tilgangur Klasa hf. er að annast sameiginleg innkaup á vörum til sölu í apótekum. Samkvæmt skýrum orðum í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga tekur b-liður 10. gr. laganna ekki til samvinnu um innkaup (Alþt. 1992 A, bls. 373). Innkaupastarfsemi félagsins fer því ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993".*

Því næst er í bréfi Klasa dags. 10. febrúar 1995 vikið að kvörtun T.H. Arasonar til Samkeppnisstofnunar og áréttuð þau sjónarmið sem fram höfðu komið í bréfi félagsins dags. 27. júní 1994. Að auki er að finna efnislega viðbót sem er svohljóðandi:

"Á það ber að leggja áherslu að það er sameiginleg ákvörðun hluthafa Sveips h.f. að stofna til sérstaks félags, Klasa h.f., til að annast sameiginleg innkaup á vörum til endursölu í apótekum og þá með sem lægstum tilkostnaði. Eins og fyrirvarsmenn Klasa hf. lýstu á fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar 19. desember s.l. var í upphafi lögð á það áhersla að eigendur Klasa h.f. beindu viðskiptum sínum öðru fremur til Klasa h.f. Ef ná ætti því markmiði að lækka tilkostnað við innkaupin þyrfti félagið einfaldlega að geta keypt inn og endurselt vörur í talsverðu magni. Eftir að starfsemi Klasa h.f. var komin á legg lögðust hins vegar slíkar hvatningar af og nú er það einfaldlega markaðurinn sem ræður. Hluthöfum í Sveip h.f. er frjálst hvort þeir og í hvaða mæli þeir versla við Klasa h.f. og geti félagið ekki boðið vöru sambærilega í gæðum og í verði á við aðra heildsöluaðila eða þá vöru sem neytendur vilja, má ljóst vera að apótek rétt eins og aðrar verslanir kaupa þá vöru sem hagstæðust er hverju sinni. Tilmæli þau sem borin voru fram af hálfu stjórnar Klasa h.f. í bréfi til hluthafa, dags. 22. mars 1994, heyra því sögunni til og slík tilmæli hafa ekki verið höfð uppi síðar.

Því er mótmælt að í stofnsamningi Sveips h.f. felist "skuldbindingar apóteka gagnvart stjórn félagsins um það hvernig beri að stjórna vöruúrvali apótekanna". Stofnsamningur Sveips h.f. lýsir þeim vilja stofnendanna að stofna til hlutafélags til að annast innkaup, sölu og dreifingu vara, sem seldar eru í apótekum, með sem lægstum tilkostnaði. Stofnendur eru þarna að sameinast um sameiginleg innkaup og velja þá leið að láta félag í þeirra eigu annast þessa starfsemi. Eins og lýst var hér fyrr heimila samkeppnislög beinlínis samvinnu fyrirtækja á sama sölustigi um innkaup. Starfsemi Klasa h.f. felur ekki í sér neitt það sem fella mætti undir hugtakið "hringamyndun" heldur lögheimilaða samvinnu um innkaup.

Húðvörur, eins og þær sem kvörtun T.H. Arason fjallar um, eru eins og aðrar hreinlætis-, snyrti- og heilsuvörur samkeppnisvörur, þar sem mörg ólík vörumerki eru á markaðnum og þessar vörur eru seldar jafnt í stórmörkuðum, matvöruverslunum, snyrtivöruverslunum, hársnyrtistofum, apótekum, bensínstöðvum og víðar. Samkeppni er því virk bæði á heildsölu- og smásölustigi. Tilvísun til 17. gr. a eins og fram kemur í kvörtuninni á því ekki við í því tilviki Klasa h.f., þar sem það hefur ekki markaðsráðandi stöðu á þessum markaði.

Klasi hf. leyfir sér að mótmæla kvörtun T.H. Arason og gerir kröfu um að henni verði hafnað af hálfu samkeppnisyfirvalda".

Að síðustu var vikið að samstarfssamningi milli lyfsöluleyfifishaða og Sveips frá því í september 1993. Um þennan samning hafði lögmaður félagsins eftirfarandi fram að færa:

*"Í viðræðum um málefni Klasa hf. og Sveips hf. við starfsmenn Samkeppnisstofnunar hefur samstarfssamningur sem gerður var milli lyfsöluleyfifishaða og Sveips h.f. í september 1993 komið til umræðu. Af þessu tilefni skal tekið fram að á þessa samninga hefur aldrei reynt og þeir hafa ekki verið framkvæmdir. Hafa samningar þessir því einfaldlega verið felldir úr gildi. Það skal sérstaklega tekið fram að apótekarar hafa stofnað til Klasa h.f. til að sinna sameiginlegum innkaupum og ná þannig fram hagkvæmari innkaupum. Stjórn Klasa h.f. eða starfsmenn félagsins ráða því hins vegar ekki hvaða vörur einstakir apótekarar bjóða til sölu í apótekum sínum. Þar ræður ákvörðun hvers apótekara eða þess sem annast innkaup fyrir apótekið, en endanlega eru það síðan viðskiptavinur apótekanna sem segja til um hvort tiltekin var selst eða ekki".*

T.H. Arason var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við bréf Klasa frá 10. febrúar 1995 og bárust þær Samkeppnisstofnun með ódagsettu bréfi. Í bréfi þessu skilgreinir T.H. Arason kröfur sínar nánar og færir fyrir þeim rök, gerir athugasemdir við bréf Klasa dags. 10. febrúar og áréttar nokkur atriði.

Kröfur T.H. Arasonar eru þær "að Hudasil húðvörur verði svo fljótt sem verða má seldar í apótekum hluthafa Klasa hf. þar sem neytendum gefst kostur á að velja á milli ólíkra vörutegunda. Jafnhliða finnst okkur eðlilegt að stjórn Klasa kosti kynningar á Hudasil húðvörum og vísun þar til augljóss fjárhagstjóns og óþæginda sem dreifibréf þeirra hefur valdið. Áréttuð skal sú krafa sem kemur fram í upphaflegri greinargerð til Samkeppnisstofnunar þess efnis að stofnunin meti hvort atriði sem þar eru nefnd brjóti í bága við samkeppnislög". Því næst eru færð rök fyrir kröfunum og bent á að fyrirsláttur um mistök við vélritun (sbr. að "fyrirmæli" verði að "tilmælum") sé fjarstæðukenndur. Þá er vikið að athugasemdum Klasa í tilefni af kvörtun T.H. Arasonar. Þar segir m.a.:

*"Í bréfi sínu telur lögmaður Klasa h.f. að fyrirtækið hafi ekki markaðsráðandi stöðu hvað varðar húðvörur sem hann tiltekur að séu stórmarkaðir, matvöruverslanir, hársnyrtistofur ofl. Í þessu sambandi er rétt að benda á það sem lögmaðurinn nefnir fyrir í bréfi sínu þar sem segir að apótekin leggi áherslu á að bjóða góða þjónustu og sérfræðilega ráðgjöf fyrir neytendum. Þarna er vikið að sérstöðu apótekanna sem gera þau eftirsóknarverð sem söluaðila á ofnæmisprófuðum húðvörum og hljóta þau því að skoðast sem sérstakur markaður með tilliti til þessarar sérstöðu."*

Þegar hér var komið við sögu var gerð tilraun til að leita sátta með aðilum málsins fyrir milligöngu starfsmanna Samkeppnisstofnunar. Fyrir lágu drög að dreifibréfi sem að stjórn Klasa lýsti sig reiðubúna til að senda hluthöfunum. T.H. Arason lagði fram önnur drög sem stjórn Klasa gat ekki fallist á að senda til hluthafanna. Því liggur fyrir samkeppnisyfirvöldum að taka efnisákvörðun í málinu.

## II. Niðurstöður 1.

Í júní árið 1993 var hlutafélagið Sveipur stofnað. Sveipur er í eigu allra apótekara í landinu utan fjögurra. Tilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi og samþykktum er *"fjárfestingar í fasteignum og hlutabréfum, innkaup, sala og dreifing vara, sem seldar eru í apótekum, með sem lægstum tilkostnaði á eigin vegum eða með því að stofna og eiga eignarhluta í félögum, sem reka slíka starfsemi, svo og rekstur fasteigna, lánstarfsemi og skyldur rekstur."* Hlutfé Sveips er samkvæmt samþykktum kr. 15.000.000,00. Í inngangsorðum stofnsamnings er að finna eftirfarandi lýsingu á aðdraganda að stofnun félagsins og markmiðum þess: *"Apótekin eru sérhæfð fyrirtæki, sem annast sölu og dreifingu á lyfjum, hjúkrunarvörum og ýmsum öðrum vöruflokkum. Breyttar aðstæður í smásöluverslun hafa leitt til breytinga á stöðu apótekanna og boðuð áform stjórnvalda um aukið frjálsræði í lyfjadreifingu munu leiða til frekari breytinga.*

*Apótekin hafa á liðnum árum, samhliða sölu lyfja og hjúkrunarvara, haft á boðstólum ýmsa vöruflokka eins og snyrtivörur, hreinlætisvörur, bætiefni og ungbarnavörur.*

*Apótekin hafa lagt á það áherslu, að framboð þessara vara og ekki síst þjónusta og sérfræðileg ráðgjöf væri liður í starfsemi þeirra til hagsbóta fyrir neytendur. Aukin hlutdeild stórmarkaða og annarra afsláttarverslana í sölu þessara vara hefur leitt til þess að samkeppnisstaða apótekanna hefur farið sífellt versnandi, en þessir aðilar veita viðskiptavinum litla sem enga þjónustu umfram það að bjóða vörur úr hillum. Apótekin eru mörg og smá og því í engri aðstöðu til þess að knýja fram afslætti á grundvelli magninnkaupa eins og stórmarkaðir og afsláttarverslanir.*

*Neytendur eru vanir því að geta gengið inn í hvaða apótek sem er og fengið upplýsingar um allar vörur sem apótekin hafa á boðstólum. Samkeppnin við stórmarkaðina hefur valdið því, að sala á ýmsum þjónustuvörum hefur dregist saman í apótekunum. Það þýðir meðal annars að neytendur eiga ekki jafn greiðan aðgang að faglegum upplýsingum, því augljóst má vera að vörubekking starfsfólks apótekanna takmarkast að verulegu leyti við þær vörur sem þau hafa á boðstólum.*

*Stjórnvöld boða aukið frjálsræði í lyfjadreifingu. Til að styrkja stöðu apótekanna í aukinni samkeppni og gera þeim kleift að lækka tilkostnað við reksturinn og þar með vöruverð, verður að stuðla að aukinni hagkvæmni við innkaup og dreifingu á þeim vörum, sem æskilegt er að þau hafi á boðstólum, apótekunum og neytendum til hagsbóta.*

*Til þess að bæta samkeppnisaðstöðu apótekanna, og gera þeim kleift að veita áfram þá þjónustu, að hafa á boðstólum sömu og hliðstæðu vöruflokka og nú er á samkeppnishæfu verði, hafa undirritaðir aðilar, sem allir eru starfandi apótekarar, ákveðið að stofna með sér hlutafélag og gera því með sér eftirfarandi stofnsamning."*

Sveipur ásamt stofnendum félagsins stofnuðu síðan Klasa sem er innkaupa- og dreifingarfyrtæki apótekara og hefur þann tilgang samkvæmt stofnsamningi og samþykktum að *"annast innkaup og dreifingu á vörum fyrir apótek, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldan rekstur."* Stjórnarmenn Klasa og Sveips eru þeir sömu. Hlutfé félagsins er samkvæmt samþykktum þess kr. 4.000.000,00 og er Sveipur eigandi að kr. 3.950.000,00 þar af. Sveipur starfar nú sem eignarhaldsfélag.

## 2.

Ástæðuna fyrir að apótekarar töldu það nauðsynlegt vorið 1993 að stofna sérstök félög um innkaup og dreifingu á vörum sem eru til sölu í fyrirtækjum þeirra má öðrum þræði rekja til frumvarps til lyfjalaga, en stjórnvöld höfðu boðað aukið frjálsræði í lyfjadreifingu. Þannig segir í stofnsamningi Sveips að til að styrkja stöðu apótekanna í aukinni samkeppni og gera þeim kleift að lækka tilkostnað við reksturinn og þar með vöruverð, verði að stuðla að aukinni hagkvæmni við innkaup og dreifingu á þeim vörum, sem æskilegt er að þau hafi á boðstólum. Með nýjum lyfjalögum, nr. 93/1994, er hins vegar ekki gengið jafn langt í frjálsræðisátt og lagt var til í upphaflegu frumvarpi til laganna hvað varðar stofnun lyfjabúða og veitingu lyfsöluleyfa. Þó verður einnig að líta til þess að í kjölfar samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (GATT 94) má búast við auknum innflutningi lyfja í tengslum við hertar reglur um einkaleyfisvernd.

Af þessum sökum má ætla að Sveipur og Klasi verði sameiginlegur vettvangur apótekara til að bregðast við breytingum í lyfjadreifingu og lyfjainnflutningi. Fram til þessa hafa félögin einbeitt sér að því að sameina krafta apótekara hvað varðar innkaup og dreifingu á öðrum vörum sem seldar eru í apótekum en lyfjum.

## 3.

Sveipur er hlutafélag í eigu flestra apótekara á landinu, þ.e. allra nema fjögurra. Tilgangur þess er *"fjárfestingar í fasteignum og hlutbréfum, innkaup, sala og dreifing vara, sem seldar eru í apótekum, með sem lægstum tilkostnaði á eigin vegum eða með því að stofna og eiga eignarhluta í félögum sem reka slíka starfsemi, svo og rekstur fasteigna lánastarfsemi og skyldur rekstur."* Klasi er dótturfélag Sveips og hefur hliðstæðan en nokkuð þrengri tilgang, þ.e. að *"annast innkaup og dreifingu á vörum fyrir apótek, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur"*.

Ljóst er samkvæmt ofansögðu að eigendur Sveips og Klasa eru markaðsráðandi í smásölu á varningi sem seldur er í apótekum. Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram að með hliðsjón af sérstöðu apótekanna hvað varðar þjónustu og sérfræðilega ráðgjöf skoðast þau sem sérstakur markaður fyrir húðvörur þær sem fjallað er um í dreifibréfi Klasa. Þá hafa fyrirtækin alla burði til að ná markaðsráðandi stöðu í heilðsöludreifingu á slíkum vörum. Af gögnum málsins má vera ljóst að hegðun Klasa á heilðsölumarkaði ber öll einkenni markaðsráðandi fyrirtækis, sbr. orðskýringar í 4. gr. samkeppnislaga. Markaðsyferráð sem slík eru ekki ólögmat en aðferðir við að ná þeim, viðhalda og styrkja koma til skoðunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

#### 4.

Samkeppnisráð skortir heimildir til að verða við þeirri kröfu T.H. Arasonar að Hudosil húðvörur verði svo fljótt sem verða má seldar í apótekum hluthafa Klasa. Þrátt fyrir að hafa í einstökum tilfellum heimildir til að leggja söluskyldu á markaðsráðandi fyrirtæki á slíkt hið sama ekki við um skyldu til að kaupa tilteknar vörur. Jafnframt er Samkeppnisráð ekki bær aðili til að leggja mat á hugsanlegt fjárhagstjón T.H. Arasonar og hefur ekki bein úrræði til að bregðast við slíku. Samkeppnisráð mun hins vegar hér á eftir leggja mat á hvort þau atriði sem kvörtun T.H. Arasonar lýtur að brjóti í bága við samkeppnislög, svo og samstarfssamningur Sveips við einstaka apótekara.

#### 5.

Í samstarfssamningi Sveips við einstaka apótekara er að finna ákvæði sem eru skaðleg samkeppni. Fram hefur komið að slíkur samstarfssamningur var í gildi milli Sveips og þeirra apótekara sem eiga hlut í Sveip, en það munu vera allir apótekarar landsins utan fjögurra. Í því ljósi felst aðgangshindrun í 2. gr. samningsins en samkvæmt ákvæðinu skuldbindur apótekarinn sig til að kaupa þær vörur sem samningurinn tekur til eingöngu af Sveip eða Klasa. Alvarlegri samkeppnishindrun er að finna í 3. gr. samningsins en samkvæmt henni skuldbindur apótekarinn sig til að hafa ekki lengur á boðstólum þær vörur sem ekki næst viðunandi samningur um viðskiptakjör að mati stjórnar. Með öðrum orðum skuldbindur apótekari sig til að slíta viðskiptum við aðila sem hafa dreift og selt vörur til apóteka, náist ekki viðunandi samningur um viðskiptakjör að mati stjórnar Sveips eða Klasa.

Ákvæði 2. og 3. gr. samninganna eru ekki ásættanleg frá samkeppnislegu sjónarmiði. Augljóst er að samningarnir eru til þess fallnir að skaða samkeppni á þeim markaði



sem um ræðir, fækka valkostum neytenda og útiloka keppinauta frá markaðnum, sbr. 17. gr. samkeppnislaga.

Að sögn forsvarsmanna Klasa og Sveips hafa samstarfssamningarnir ekkert gildi þar sem á þá hafi aldrei reynt og þeir hafi ekki verið framkvæmdir. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem hrekur þessa fullyrðingu. Verður því að leggja til grundvallar að hún sé rétt. Jafnframt hefur því verið lýst að samningarnir hafi verið felldir úr gildi. Samkeppnisráð leggur hins vegar áherslu á að ákvæði samninganna fóru í bága við samkeppnislög og komi vilji sammingsaðilanna með einhverjum hætti til framkvæmda munu samkeppnisyfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana hvað þennan þátt varðar.

## 6.

Hvað varðar dreifibréf Klasa til hluthafanna dags. 22. mars 1994 sem kvartað hefur verið vegna gerir Samkeppnisráð eftirfarandi athugasemdir:

Telja verður að með því að senda tilmæli eða fyrirmæli eins og fram koma í bréfinu til apótekara sé Klasi að misbeita ráðandi stöðu sinni. Tilmæli af þessu tagi eru til þess gerð að fækka valkostum neytenda og að útiloka með óeðlilegum hætti keppinauta frá markaðnum. Hér er því um að ræða skaðlega samkeppnishindrun í skilningi 17.gr. samkeppnislaga. Jafnframt verður að telja slíka háttsemi brjóta í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi í skilningi 20. gr. samkeppnislaga

Fyrir liggur í gögnum málsins að Klasi hefur lagt af slíkar hvatningar sem fram komu í dreifibréfinu frá 22. mars 1994. Eigi að síður telur Samkeppnisráð nauðsynlegt, með hliðsjón af alvarleika málsins og ráðandi stöðu eigenda Klasa, að leggja bann við hvers kyns afskiptum Klasa af sölu apóteka á öðrum vörum en þeim sem Klasi dreifir. Gildir einu hvort um "fyrirmæli" eða "tilmæli" eða önnur afskipti er að ræða. Með hliðsjón af stöðu Klasa og eigna- og stjórnunartengslum þess við apótekin, eru hvers kyns orðsendingar af þessu tagi skaðlegar samkeppni. Jafnframt beinir Samkeppnisráð því til hluthafa í Klasi að láta verð og gæði eingöngu ráða ferðinni í innkaupum á einstökum vörutegundum.

## III.

### Ákvörðunarorð:

**"Samkeppnisráð telur að með dreifibréfi Klasa hf. til hluthafa sinna dags. 22. mars 1994 hafi félagið brotið gegn 17. og 20. samkeppnislaga. Af þeim sökum leggur ráðið með vísan til 51. gr. samkeppnislaga bann við hvers kyns afskiptum**

**Sveips hf. eða Klasa hf. af sölu apóteka á öðrum vörum en þeim sem Klasi hf. dreifir. Gildir einu hvort um "fyrirmæli" eða "tilmæli" eða önnur afskipti er að ræða".**